

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 2. nóvember 2006 í máli nr. S-1649/2006:

Ákærvaldið

(Katrín Hilmarsdóttir fulltrúi)

gegn

Einari Val Þorvarðarsyni

(Guðrún Sesselja Arnardóttir hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 23. október 2006, er höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum í Reykjavík 3. október 2006, á hendur Einari Val Þorvarðarsyni, Ásgarði 22, Reykjavík, fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 1. janúar 2006, að Hrísríma 26, Reykjavík, ráðist á Magnús Rafnsson, og skellt honum utan í handrið í stigagangi og stuttu síðar gripið um litlafingur Magnúsar og snúið upp á fingurinn með þeim afleiðingum að hann hlaut skábrot á grunnkjúku hægri litlafingurs, rifbeinsbrotnaði og marðist yfir báðum herðablöðum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981 og 111. gr. laga nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Af hálfu Magnúsar Rafnssonar er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 14.449 kr., þjáningarbóta í 30 daga og miskabóta að fjárhæð 300.000 kr., auk dráttarvaxta frá 1. janúar 2006 til greiðsludags. Þá er krafist greiðslu vegna kostnaðar við lögmannaástoð að mati dómara.

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar er lög leyfa og hæfilegrar þóknunar sér til handa. Bótakröfu er hafnað.

Farið var með mál þetta samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991 og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu er sækjanda og verjanda ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Ákærði hefur skýlaust jatað brot sín. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í október 1976. Hann hefur þrívægis gengist undir lögreglustjórásátt og einu sinni undir viðurlagaákvörðun fyrir umferðarlagabrot. Við ákvörðun refsingar nú er til þess að líta að hann hefur ekki áður gerst sekur um hegningarlagabrot og játað brot sitt hreinskilnislega. Magnús Rafnsson þurfti að gangast undir aðgerð vegna fingurbrotsins, eins og fram kemur í læknisvottorði Jóhanns Róbertssonar, sérfræðings í handarskurðlækningum, dags. 4. febrúar 2006. Þar kemur einnig fram að Magnús væri enn í eftirliti og ekki ljóst hver árangur meðferðar yrði. Þó voru taldar verulegar líkur á að hann jafni sig mjög vel hvað varði hreyfigetu og styrk í fingrinum. Ekki liggja fyrir frekari gögn um afleiðingar áverkans. Ekki verður fullyrt að rifbeinsbrot sé af völdum ákærða, en fram hefur komið að Magnús hafi fallið í hálfu stuttu áður. Að öllu þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákvörðuð fangelsi í 30 daga, en dómurinn telur rétt að binda refsingu skilorði eins og í dómsorði segir.

Ákærði hefur hafnað fyrirliggjandi skaðabótakröfu brotþola, Magnúsar Rafnssonar. Bótakrafan er í þremur liðum, auk þess sem krafist er kostnaður vegna lögmannsaðstoðar. Í kröfunni er gerður fyrirvari vegna frekari læknakostnaðar, varanlegrar örorku og varanlegs miska. Krafan um fjártjón að fjárhæð 14.449 kr. er studd reikningum, frá Landspítala háskólasjúkrahúsi, og ber að taka hana til greina, sbr. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ekki liggja fyrir upplýsingar til að meta hugsanlegt tímabil þjáningabóta, skv. 3. gr. skaðabótalaga og er þessum kröfulið því vísað frá dómi. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir að brjóta finger Magnúsar með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir. Ber ákærði bótaábyrgð á tjóni brotþola sem rekja má til hinnar refsiverðu háttsemi. Brotþoli á rétt á miskabótum úr hendi ákærða vegna árásarinnar á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. lög nr. 37/1999, sem þykja hæfilega ákveðnar 150.000 kr. Með vísan til 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til að greiða Magnúsi Rafnssyni kostnað vegna lögmannsaðstoðar sem þykir hæfilega ákveðinn 50.000 kr., að virðisaukaskatti meðtöldum. Samkvæmt framansögðu ber ákærða að greiða Magnúsi samtals 214.449 kr., auk vaxta eins og í dómsorði greinir, en dráttarvextir reiknast frá 29. september 2006, þegar liðinn var mánuður frá birtingu kröfunnar fyrir ákærða hjá lögreglu, sbr. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, alls 64.370 kr. Samkvæmt yfirliti um sakarkostnað er um að ræða 10.870 kr. vegna læknisvottorðs. Þá þykir þóknun verjanda hans, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hdl., hæfilega ákveðin 53.500 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti.

Katrín Hilmarsdóttir, fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, sótti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir, settur héraðsdómari.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Einar Valur Þorvarðarson, sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falli niður að liðnum 2 árum frá birtingu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Magnúsi Rafnssyni 214.449 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2006 til 29. september sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 64.370 krónur í sakarkostnað, þar á meðal 53.500 króna þóknun skipaðs verjanda síns, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur héraðsdómslögmanns.

Sandra Baldvinsdóttir